

# Lög

## um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum (kjördæmi, kjörseðill).

---

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Orðið „Bæjarhreppur“ í 1. tölul. fellur brott.
- b. Orðið „Grímseyjarhreppur“ í 2. tölul. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „Arnarneshreppur, Hörgárbyggð“ í 2. tölul. kemur: Hörgársveit.
- d. Orðin „Sveitarfélagið Álftanes“ í 4. tölul. falla brott.

### 2. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 52. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef framboðslistar í kjöri eru fleiri en sautján skulu listarnir prentaðir í láréttum röðum. Þess skal gætt að í röðunum sé sem jafnastur fjöldi lista.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. febrúar 2013.*

